

LÍFF3VH05

Búið til: Fri, 28 Feb 2020 13:47:08 GMT

Titill

Vistfræði hafsins

Skammstöfun

LÍFF3VH05

Útgáfunúmer

33

Námsgrein

Líffræði

Viðfangsefni

Vistfræði hafsins

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

3

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Fjallað er um helstu hugtök og megin viðfangsefni vistfræði hafsins. Skýrt hvernig vistkerfi verða til í samspili lifandi og lífvana náttúru og hvernig athafnir mannsins geta raskað kviku jafnvægi vistkerfa. Vistfræðileg staða hafsins verður til umfjöllunar með áherslu á umhverfismál, mengun, plast, náttúruvernd og nýtingu náttúruauðlinda á sjálfbæran hátt.

Forkröfur

5 einingar í líffræði eða umhverfisfræði á 2. þrepi.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Helstu hugtökum í vistfræði hafsins og hlutverkum helstu lífveruhópa
- Orkuflæði og efnahringrásum vistkerfa
- Tengslum lífvera í gegnum fæðukeðjur og fæðuvefi
- Mikilvægi hafsins fyrir lífkerfin á jörðinni
- Uppruna og sögu plasts, eiginleikum og kostum þess
- Plastmengun í hafi og hvernig hægt er að koma í veg fyrir hana
- Gildi hafsins í eigin lífi og mikilvægi þess hjá lífkerfum jarðar
- Rannsóknaraðferðum í vistfræði

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Beita hugtökum vistfræðinnar í umfjöllun um hafið
- Fjalla um áhrif mengunar í hafi
- Skýra hvernig hafið hefur áhrif á loftslag, framleiðslu súrefnis, fæðu og lífbreytileika (haflæsi)
- Greina vanda og vinna í átt að úrlausnum á mengunarmálum
- Taka eigin ákvarðanir og vinna að verkefnum í heimabyggð

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Draga ályktanir af niðurstöðum rannsókna í vistfræði
- Túlka niðurstöður og setja fram með skipulögðum hætti
- Tengja vistfræðilega þekkingu sína við daglegt líf og átt sig á eigin ábyrgð
- Greina vanda og vinna í átt að úrlausnum á mengunarmálum
- Vinna að bættri umgengni við hafið og lífkerfi þess
- Taka sjálfstæða rökstudda afstöðu til umhverfis- og mengunarmála

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd